



# Keppnislýsing þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi



Umhverfisstofnun og Snæfellsbær  
í samvinnu við Arkitektafélag Íslands  
Mars 2006

## 0. EFNISYFIRLIT

<b>0. Efnisyfirlit</b> .....	<b>1</b>
<b>1. Kynning</b> .....	<b>2</b>
1.1 Útbjóðandi .....	2
1.2 Aðdragandi .....	2
1.3 Markmið .....	2
1.4 Sjónarmið dómnefndar .....	2
1.5 Tegund og tilhögun samkeppni .....	3
1.6 Verðlaun .....	3
<b>2. Lýsing verkefnis</b> .....	<b>3</b>
2.1 Almenn atriði .....	3
2.2 Keppnissvæðið .....	3
2.3 Náttúrufar, jarðvegur og veðurfar .....	3
2.4 Lóð, aðkoma og umhverfi .....	3
2.5 Starfsemislýsing .....	4
2.6 Húsrýmisáætlun - stærðarkröfur .....	5
2.7 Kostnaðarviðmiðun .....	6
<b>3. Tæknileg tilhögun samkeppninnar</b> .....	<b>6</b>
3.1 Þátttökuréttur .....	6
3.2 Afhending keppnisgagna - þáttökugjald .....	6
3.3 Keppnisgögn .....	7
3.4 Keppnistillögur .....	7
3.5 Fyrirspurnir .....	7
3.6 Skilafrestur, merking og afhending tillagna .....	8
3.7 Dómnefnd og ritari dómnefndar .....	8
3.8 Trúnaðarmaður .....	9
3.9 Úrslit .....	9
3.10 Sýning .....	9
3.11 Afhending keppnistillagna .....	9
3.12 Hagnýting keppnistillagna .....	10
3.13 Samþykki keppnislýsingar .....	11

# 1. KYNNING

## 1.1 ÚTBJÓÐANDI

Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík og Snæfellsbær, Snæfellsási 2, Hellissandi efna til samkeppni um hönnun þjónustumiðstöðvar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Hellissandi samkvæmt keppnislýsingu þessari og samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands útg. nóvember 2004.

## 1.2 AÐDRAGANDI

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður í júní árið 2001. Nefnd sem vann að undirbúningi þjóðgarðsins skilaði frá sér skýrslu í maí sama ár. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að miðstöð þjóðgarðsins verði á Hellissandi. Þá þegar lá fyrir viljrði Snæfellsbæjar um lóð fyrir húsið.

Lóðin er við Útnesveg, þjóðveginn sem liggur fyrir Jökul og er afar vel staðsett með tilliti til umferðar. Auk þess er umhverfið fallegt og útsýni bæði til jökuls og hafs. Við hlið lóðarinnar er Sjómannagarðurinn þar sem gömul verbúð hefur verið endurgerð. Í Sjómannagarðinum er einnig annað hús í gömlum "pakkhúss-stíl" og hýsir það safn með munum sem tengjast sjómennsku. Sjómannagarðurinn er áningarstaður ferðamanna og tengist því vel fyrirhugaðri þjóðgarðsmiðstöð. Ákveðið hefur verið að tjaldsvæði verði upp með hraunjaðri vestan við þjóðgarðsmiðstöðina. Svæðið í heild verður því miðstöð fyrir ferðafólk sem leggur leið sína um Hellissand.

Nauðsynlegt er að vinnuaðstaða fyrir starfsmenn þjóðgarðsins verði betri en nú er. Jafnframt vantar aðstöðu til að taka á móti gestum þjóðgarðsins þar sem þeir geta fengið upplýsingar um svæðið og nærliggjandi staði. Nú þegar er talið að hátt í hundrað þúsund ferðamenn sækji svæðið heim á hverju ári og má gera ráð fyrir að sú tala hækki á næstu árum.

Þar sem ljóst var að um nýja byggingu verður að ræða, að hlutverk hennar verður sérstakt og að umhverfið þar sem hún á að rísa er einstakt, þótti Umhverfisstofnun farsælast að efna til samkeppni um hönnun byggingarinnar.

## 1.3 MARKMIÐ

Meginmarkmið keppinnar er að skapa aðlaðandi og hentuga umgjörð um starfsemina. Staðsetning hússins gerir kröfur til aðlögunar þess að umhverfi. Innra skipulag þarf að þjóna vel mismunandi þáttum starfseinnar um leið og innri tengsl þurfa að vera eðlileg og greið. Æskilegt er að húsið undirstriki hlutverk þjóðgarðsins. Rekstrarhagkvæmni, orkusparnaður og vistfræðileg sjónarmið samrýmast vel ímynd náttúruverndar og gætu komið fram í uppbyggingu, tæknilausnum og efnisvali.

## 1.4 SJÓNARMÍÐ DÓMNEFNDAR

Eftirtalin atriði verða þungvæg við mat dómnefndar á úrlausnum:

- a) Listræn úrlausn - góð og sannfærandi byggingarlist.
- b) Samræming hlutverks og umhverfis – að húsið svari aðstæðum.
- c) Fyrirkomulag – tenging rýma og uppfylling rýmisáætlunar.
- d) Efnisval – varanleiki og lágörkun viðhalds.

- e) Hagvæmni – gætt sé hófs í stofn- og rekstrarkostnaði.
- f) Aðlögunarhæfni – breytanleiki og aðlögunarmöguleikar.

## 1.5 TEGUND OG TILHÖGUN SAMKEPPNI

Samkeppnin er almenn framkvæmdasamkeppni skv. skilgreiningu Arkitektafélags Íslands og er opin öllum þeim sem uppfylla skilyrði keppnislýsingar sbr. 3.1. Útbjóðandi leitar eftir höfundum og tillögu að útfærslu. Útbjóðandi stefnir að því að fela þeim verkið er fyrstu verðlaun hlýtur.

## 1.6 VERÐLAUN

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð allt að kr. 3.400.00.- Stefnt er að veitingu þriggja verðlauna, 1., 2. og 3. verðlauna. 1. verðlaun verða eigi lægri en kr. 1.700.000.- Auk þess er dómnefnd heimilt að veita tillögum viðurkenningar fyrir allt að kr. 600.000.-

# 2. LÝSING VERKEFNIS

## 2.1 ALMENN ATRÍÐI

Verkefnið felst í því að gera tillögu að þjónustumiðstöð þjóðgarðsins.

Vegna þess að hér er um að ræða verkefni sem ekki á sér margar fyrirmyndir á Íslandi er þátttakendum bent á að kynna sér bókina *Interpretive Centers: The History, Design and Development of Nature and Visitor Centers*, útg. 2002, eftir Michael Gross og Ron Zimmerman.

Eintak af bókinni mun liggja frammi á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 105 Reykjavík. Hana má einnig nálgast á eftirfarandi vefsíðu ef menn vilja panta hana:

[http://www.interpnet.com/store/acatalog/Publications\\_Page\\_1.html](http://www.interpnet.com/store/acatalog/Publications_Page_1.html)

## 2.2 KEPPNISSVÆÐIÐ

Svæðið er staðsett sunnan byggðar á Hellissandi og liggur þjóðvegurinn milli svæðisins og byggðarinnar. Í suðri er hraunkantur og upp af hrauninu blasa við fjöll með Snæfellsjökul hæstan. Í norðvestur sér út á Breiðafjörð.

## 2.3 NÁTTÚRUFAR, JARÐVEGUR OG VEÐURFAR

Svæðið er í útjaðri hrauns og er hraunkantur upp af lóðinni í suðri. Stakir hraundrangar standa upp úr lóðinni. Vindasamt er á svæðinu og í vestan- og norðvestanáttum getur selta borist þangað með særokinu.

## 2.4 LÓÐ, AÐKOMA OG UMHVERFI

Lóðin er hornlóð og liggur þjóðvegurinn, Útnesvegur, með henni að norðanverðu. Upp með lóðinni að vestan er verið að leggja veg að fyrirhuguðu tjaldsvæði. Norðan við þjóðveginn er íbúðabyggð Hellissands. Í austri er safnasvæði Sjómannagarðsins og í suðri er hraunjaðar.

## 2.5 STARFSEMISLÝSING

Hlutverki þjóðgarðsmiðstöðvarinnar má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða vinnustað starfsmanna þjóðgarðsins og hins vegar verður þar tekið á mótum gestum þjóðgarðsins; heimamönnum, ferðafólki og skólahópum.

Yfir vetrarmánuðina vinna tveir starfsmenn við þjóðgarðinn og felst vinnan á þeim tíma aðallega í ýmis konar pappírsvinnu. Skrifstofu-, vinnu- og fundarherbergi þarf fyrir þá starfsemi. Þegar þjóðgarðsmiðstöðin verður tilbúin er gert ráð fyrir að móttaka skólahópa verði stór hluti af vetrarstarfinu.

Yfir sumartímanna vinna landverðir í þjóðgarðinum. Stærstur hluti starfs þeirra er við eftirlit og upplýsingagjöf úti í þjóðgarðinum. Þeir þurfa hins vegar oft einnig að vinna inni við á skrifstofu t.d. við undirbúning og verkefni en einnig við grófari vinnu s.s. smíða- og málningarvinnu. Þá þarf að vera aðstaða til að geyma bíl þjóðgarðsins og geymslur fyrir starfsemina.

Langflestir ferðamannanna koma yfir sumarmánuðina þrjá. Nokkur umferð er um þjóðgarðinn frá því í mars og fram í október. Er þar aðallega um að ræða fólk á bílaleigubílum sem kemur í dagsferð frá Reykjavík. Í Ólafsvík er upplýsingamiðstöð rekin yfir sumartímanna en yfir vetrartímanna getur ferðafólk leitað til miðstöðvarinnar í Borgarnesi og skrifstofu þjóðgarðsins. Flestir sem leita til þjóðgarðsins eru að spyrja um ferða- og gistimöguleika á Snæfellsnesi en lítið utan þess.

Nauðsynlegt er að ferðafólkið geti fengið einhverjar veitingar í þjóðgarðsmiðstöðinni. Tengsl við lítið bóka- og blaðsafn eru æskileg. Sala minjagripa tilheyrir einnig svona starfsemi. Fræðsla skipar stóran sess í þjóðgördum og í gestastofu geta gestir fengið upplýsingar um náttúru og sögu svæðisins. Hugmyndin er sú að í gestastofunni verði lögð áhersla á sjóinn, lífið í honum og við hann og mannlífið í kringum hann. "Sullherbergi" er hugsað fyrir hópa sem koma í "vísindavinnu" t.d. skólahópa sem koma með ýmislegt úr náttúrunni sem þeir vilja skoða. Þetta rými þarf því að vera "hrátt" og þola vatn. Auðvelt verður að vera að þrifa það. Inn í þetta rými þarf að vera hægt að ganga beint að utan á skítugum stígvélum.

Hluti heildarrýmisins þarf að vera fjölnota þannig að hægt sé að nota það sem kennslurými, til fyrirlestrahalds, myndasýninga og funda.

Aðgengi fatlaðra þarf að vera gott í byggingunni.

Í þjóðgarðsmiðstöðinni þarf að vera hægt að ganga inn á salerni utanfrá þannig að hægt verði að nota þau þó þjóðgarðsmiðstöðin sé lokuð.

## 2.6 HÚSRÝMISÁÆTLUN -STÆRÐARKRÖFUR

Dómnefnd áskilur sér rétt til að framkvæma stærðarmat og mun hafa að viðmiði að stærð fullbúinnar byggingar fari ekki yfir 745 m<sup>2</sup>.

Herbergi, rými	Fjöldi	Stærð m <sup>2</sup>	Alls m <sup>2</sup>	Athafnir	Aðstaða, innréttingar, tæki	Tengsl rýma innbyrðis
Móttaka	1 x	50	50	Anddyri, móttaka gesta, símsvörun, innheimta aðgangseyris, bókhald, bréfaskrifir og skipulagsvinna.	Afgreiðsluborð m.a. með plássi fyrir tölvu, sjóðvél, reiknivél. Skrifborð m/ tölvu og vinnuaðstöðu.	Gestastofa, verslun og gestasalerni.
Skrifstofa þjóðgarðs	4 x	12,5	50	Stjórnunarvinna: viðtöl við gesti, viðskiptavini og starfsfólk, stjórnsýsla.	Skrifborð m/ vinnu- og tölvuaðstöðu, skápar og gestastólar.	Móttaka og fundarherbergi.
Fundarherbergi	2 x	25	50	Fundir, kynningar og kennsla.	Stólar, borð, skjávarpi, tjald, tússtafla.	Skrifstofa og veitingarými.
Salerni starfsmanna	1 x	10	10	Snyrtng ofl.	Salernisskál, vaskur og sturta. Aðkoma um loftræst fordyri. Vaskur og spegill í fordyri.	Skrifstofa
Verslun	1 x	25	25	Sala minjagripa.	Hillur aðallega til ústillingar.	Móttaka og gestastofa.
Eldhús	1 x	20	20	Framreiðsla veitinga, vinnsla, hitun, kæling, geymsla, uppþvottur.	Stálborð, uppþv. vél, diskavagn, 4 vaskar, hitunarplötur, kaffivél, gufuofn kæliborð, hitaborð, loftræsting o.s.fv.	Veitingarými
Kaffistofa starfsmanna	1 x	15	15	Herbergi þar sem starfsfólk getur matast.	Borð og 6-7 stólar.	Skrifstofa og eldhús.
Veitingarými	1 x	25	25	Neysla veitinga	Stólar borð, hilla f bækur fjölrít	Gestastofa, verslun, eldhús og "bókasafn".
Gestasalerni			30	Snyrtngar fyrir almenning, aðgangur að utan sem og innan. Þetta rými þarf að hanna þannig að útlit þess gefi til kynna að það hafi verið þrifið fyrir 5 mínútum.	2 salerni (1 karla og 1 kvenna) með salernisskál, vaski, loftræstu fordyri með vöskum, eða fatlaðra salerni.	Móttaka, veitingarými.
Gestastofa		150	150	Fræðslusýning í þrem meginhlutum: 1. "ústilling" mynda, texta og ápreifanlegra hluta, 2. lífandi myndir (video, DVD) og 3. fróðleiksbrunnur: bóka, tímarita og tölvugagnagrunna.	Veggspjöld, "standar", líkön, gripir bæði í lokuðum skápum og aðgengilegir, aðallega fyrir börn, "bókasafn", tölvur a.m.k. tvær. Hér er allt undir hugkvæmni hönnuðar "stofunnar" komið en í stórum dráttum er ekki gert ráð fyrir mikilli tölvuvæðingu heldur ápreifanleika.	Móttaka, verslun, veitingarými.
"Sullrými" fyrir börn	1 x	17	17	Rými þar sem hægt er að koma með t.d. sjávarsýni til að skoða og rannsaka. Þetta er óupphitað votrymi sem þarf að vera hægt að þrifa auðveldlega.	Stórt borð og vaskar.	Vinnuskúr/bílskúr
Einstaklings-íbúð	1x	25	25	Aðstaða fyrir vísindamenn og gesti sem dveljast í einhverja daga/vikur.	Svipuð aðstaða og hótélherbergi með salerni auk eldunaraðstöðu og borð/stólar til að matast.	
Vinnuskúr/bílskúr	1 x	50	50	Aðstaða fyrir landverði við smíðar, málningarvinnu o.fl. Þarf einnig að vera hægt að geyma bíl þjóðgarðsins og verkfæri til smíða og útivinnu.	Vinnuborð, hillur.	"Sullrými" og geymsla.
Tölvurými	1 x	5	5	Þjónusta við tölvukerfi.	Tölvuþjónn, símtengingar, stýritölva, hljóðeinangrað og loftræst.	Skrifstofa og anddyri.
Geymsla	1 x	15	15	Safnmunir, verkfæri, lager.	Hillur	"Sullrými" og vinnuskúr.

Ræstiklefi	2 x	5	10		Vaskur	Annar í tengslum við úttalarni en hinn í tengslum við skrifstofu.
Aðstaða f. Sorp	1 x				Tunnur/kör	
Kyndiklefi	1 x	5	5	Stýring hita.	Hiti í gólfum.	
<b>Alls</b>			<b>552</b>			
Veggir			55	u.þ.b. 10% af nettóstærð.		
Umferðarrými			138	u.þ.b. 25% af nettóstærð.		
<b>Alls</b>			<b>193</b>			
<b>SAMTALS</b>			<b>745</b>			

## 2.7 KOSTNAÐARVIÐMIÐUN

Dórnefnd áskilur sér rétt til að framkvæma kostnaðarmat og mun hafa að viðmiði að kostnaður fullbúinnar byggingar fari ekki yfir 150 milljónir.

## 3. TÆKNILEG TILHÖGUN SAMKEPPNINNAR

### 3.1 ÞÁTTTÖKURÉTTUR

Rétt til þátttöku hafa allir félagar í Arkitektafélagi Íslands, nemendur í arkitektúr og aðrir þeir sem hafa leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd.

Þeir þátttakendur sem ekki hafa leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd skulu tryggja sér löggiltan samstarfsaðila.

Auk dómara og ritara dórnefndar er þátttaka óheimil þeim sem rekur teiknistofu með dómara, vinnur að verkefnum með honum eða er honum nátengdur. Vafatílfelli skal bera undir samkeppnisnefnd AÍ.

### 3.2 AFHENDING KEPPNISGAGNA - ÞÁTTTÖKUGJALD

Stutt keppnislýsing verður aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is).

Keppnisgögn verða afhent gegn kr. 5.000.- skilagjaldi **frá og með 3. apríl 2006 á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 105 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 13:00** eða hjá trúnaðarmanni skv. samkomulagi við hann.

Trúnaðarmaður endurgreiðir skilagjaldið gegn framvísun kvittunar þegar tillögum eða keppnisgögnum er skilað til hans innan tilskilins frests.

Frestur til að skila tillögum eða gögnum er til **6. júní 2006 kl. 17:00**. Skilagjald verður ekki endurgreitt eftir þann dag.

### 3.3 KEPPNISGÖGN

1. Keppnislýsing þessi.
2. Aðal- og deiliskipulagsgögn ásamt gildandi skilmálum (.pdf form).
3. Loftmynd (.jpg og .tif form).
4. Ljósmyndir frá samkeppnissvæðinu (.jpg form).
5. Uppdráttur af lóð með hnitum (.pdf form).
6. Hæðarlínukort (.dgn form).

### 3.4 KEPPNISTILLÖGUR

Keppendur skulu skila eftirtöldum gögnum:

1. **Greinargerð**, hámark 500 orð, þar sem lýst er megininntaki tillögunnar, helstu forsendum og markmiðum og gerð grein fyrir helstu stærðum, uppbyggingu og efnisnotkun. Greinargerðin skal koma fram á tillöguuppdráttunum, en henni skal einnig skila í 6 eintökum í arkastærðinni A4. Heimilt er að birta smækkuð afrit uppdrátta í greinargerð. Einnig má smækka tillöguspjöldin í A3 og brjóta svo í A4.
2. **Skipulagsuppdráttur** með norður upp, í mkv. 1:2000, sem sýnir afstöðu lóðar og byggingar til núverandi byggðar.
3. **Afstöðumynd** með norður upp, í mkv. 1:1000/1:500, sem sýnir afstöðu byggingar innan lóðar.
4. **Grunnmyndir allra hæða** í mkv. 1:200, sem sýna stærðir, innréttingar og húsgögn.
5. **Skurðmyndir** í mkv. 1:200, sem sýna lofthæðir.
6. **Útlitsmyndir** í mkv. 1:200, sem sýna efnislega áferð og skuggamyndun.
7. **Prívíddarmyndir** að vali keppenda.

Teikningar skulu vera í stærð A1 (59,4 x 84,1 cm) upplímdar á pappa. Allur texti skal vera ritaður á vélrænan hátt.

**Tillöguarkir, þar með taldar arkir með greinargerð, mega ekki vera fleiri en 2. Líkönum verður ekki veitt móttaka.**

### 3.5 FYRIRSPURNIR

Fyrirspurnir skal senda til trúnaðarmanns dómnefndar **fyrir 9. maí 2006**. Hann mun leggja afrit af þeim fyrir dómnefndina. Trúnaðarmaður sendir síðan öllum skráðum keppendum allar fyrirspurnir ásamt svörum dómnefndar til þess heimilisfangs sem gefið var upp þegar keppnisgögn voru sótt. Svör við fyrirspurnum munu liggja fyrir **12. maí 2006**.



### 3.6 SKILAFRESTUR, MERKING OG AFHENDING TILLAGNA

1. Tillögum skal skila til trúnaðarmanns, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands að Engjateigi 9, 105 Reykjavík eigi síðar en 6. júní 2006 kl. 17:00 að íslenskum tíma.

Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum á milli kl. 13:00-17:00, en þeir sem óska að skila tillögum fyrir þennan tíma, skulu hafa samráð við trúnaðarmann.

Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merкта auðkennistölu tillögunar.

2. Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns.

Auk framanskráðs skal keppandi strax tilkynna trúnaðarmanni með tölvupósti, [thoth@hive.is](mailto:thoth@hive.is), að tillaga hafi verið send.

Í bréfinu skal koma fram auðkennistala tillögunar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en sjö dögum eftir að skilafresti lýkur.

Aðsendar tillögur verði stílaðar á pósthfang:

Arkitektafélag Íslands  
b.t. Þórarins Þórarinssonar, trúnaðarmanns  
Engjateigi 9  
105 Reykjavík

3. Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í reit 2 x 5 cm í hægra horni að neðan. Ógegnsætt umslag, merkt sömu tölu og "nafnmiði", skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, heimilisfangi og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna.

Teikningar verða hengdar upp í tvöfaldri röð, 120 cm á hæð, og skal gerð grein fyrir upphengingu í hægra horni að neðan.

Tillögum skal skila ósamanbrotnum og í flötum umbúðum. Umbúðir tillögu skal merkja á sama hátt og tillöguna og á þær skal ritaður fjöldi tillögublaða.

Teikningum í ramma eða gleri verður ekki veitt viðtaka.

4. Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt skv. samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.
5. Útbjóðandi ber ábyrgð á tillögum meðan þær eru í vörslu dómnefndar.

### 3.7 DÓMNEFND, RÁÐGJAFAR OG RITARI DÓMNEFNDA

Dómnefnd skipa eftirtaldir:

**Tilnefndir af útbjóðanda, Umhverfisstofnun og Snæfellsbæ:**

Kristinn Jónsson, bæjarstjóri  
Stefán Benediktsson, sérfræðingur  
Guðbjörg Gunnarsdóttir, þjóðgarðsvörður

### **Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:**

Baldur Ó. Svavarsson, arkitekt  
Elín G. Gunnlaugsdóttir, arkitekt

### **Ritari dómnefndar er:**

Guðrún Lára Pálmadóttir, sérfræðingur

Dómnefnd áskilur sér rétt til þess að kalla til ráðgjafa.

### **3.8 TRÚNAÐARMÆÐUR**

Stjórn Arkitektafélags Íslands hefur tilnefnt sem trúnaðarmann:

Nafn: Þórarinn Þórarinsson  
Heimilisfang: Flyðrugrandi 6, 107 Reykjavík  
Heimasími: 551 4406 (vinnusími, bein lína: 411 3053)  
GSM: 864 2217  
Fax: 5623219  
Netfang heima: thoth@hive.is  
Netfang í vinnu: thorarinn.thorarinsson@rvk.is

### **3.9 ÚRSLIT**

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir **28. júní 2006** sem er 5 ára afmælisdagur Þjóðgarðsins.

Strax og nafnleynd hefur verið rofin verður höfundum verðlaunatillagna sérstaklega tilkynnt um niðurstöður dómnefndar.

Fréttatilkynning um úrslit verður birt fjölmiðlum. Í henni kemur fram hvaða tillögur voru verðlaunaðar og hverjir eru höfundar þeirra.

Tillagna sem hljóta viðurkenningu eða eru taldar athyglisverðar verður einnig getið í fréttatilkynningu.

**Dómnefnd mun leggja áherslu á að gefa út heildarumsögn um keppnina. Keppendur geta ekki vænst þess að dómnefnd gefi sérálit á sérhverri tillögu.**

### **3.10 SÝNING**

Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum sem uppfylla skilyrði keppinnar við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Tillögurnar verða sýndar undir höfundar-nafni.

### **3.11 AFHENDING KEPPNISTILLAGNA**

Að lokinni sýningu geta eigendur tillagna sem ekki hljóta verðlaun eða viðurkenningu, sótt tillögur sínar á skrifstofu Arkitektafélags Íslands að Engjateigi 9, 105 Reykjavík.

Útbjóðandi ber ekki ábyrgð á tillögum lengur en 30 daga eftir að sýningu lýkur.

### 3.12 HAGNÝTING KEPPNISTILLAGNA

Höfundur fyrstu verðlauna verður ráðinn arkitekt vegna verkefnisins, ef viðunandi samkomulag næst milli hans og útbjóðanda.

Ef ekki næst samkomulag milli útbjóðanda og fyrstu verðlaunahafa, skal dómnefnd fjalla um málið og skila sérstöku álitum þar að lútandi.

Falli útbjóðandi frá frekari áformum um að framkvæma skv. 1. verðlaunatillögunni, eða óski útbjóðandi að ráða annan arkitekt til verksins en dómnefnd hefur mælt með, skal greiða 1. verðlaunahafa bætur vegna verkefnissmissis, sem nemur 100% af upphæð 1. verðlauna, eða kr. 1.700.000.-

Útbjóðandi öðlast afnotarétt af verðlaunuðum og viðurkenndum tillögum með þeim takmörkunum sem höfundarlög setja.

Að samkeppni lokinni verður gefið út dómnefndarálit í prentuðu formi með birtingu allra tillagna sem bárust í keppnina. Hægt verður að nálgast ritið í .pdf formi á vefsíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is).


Útbjóðandi öðlast rétt til slíkrar útgáfu án þess að greiða höfundum tillagna sérstaklega fyrir útgáfuréttinn.

### 3.13 SAMÞYKKI KEPPNISLÝSINGAR


Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum AÍ er grundvöllur keppinnar. Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda keppinnar, stjórn Arkitektafélags Íslands og dómnefndarmönnum.

Reykjavík 10.03.2006

Fyrir hönd útbjóðanda




Árni Bragason, forstöðumaður



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Það staðfestist hér með að keppnislýsing þessi er unnin samkvæmt samningi AÍ og Umhverfisstofnunar og Snæfellsbæjar og er í samræmi við samkeppnisreglur AÍ.




Albína Thordarson, formaður AÍ

Dómnefnd samþykkir að dæma eftir keppnislýsingu þessari



Stefán Benediktsson, formaður dómnefndar




Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Elín G. Gunnlaugsdóttir, arkitekt



Baldur Ó. Svavarsson, arkitekt



Guðbjörg Gunnarsdóttir, þjóðgarðsvörður